

Fundur 6.1.2025 Jimmy Carter.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur Íslendingar og þakka ég ykkur kærlega fyrir að taka á móti erindi mínu.

Er ég enn staddur á sjúkrastofnun, en hér hefur verið gerð aðstaða til að ég geti talað til ykkar.

Og var hér altari flutt með glitsteini sem magnar og fólk hér saman komið í miklum sal í þessari stofnun, þar sem áður hefur verið talað til ykkar.

Eru þau mikilvæg og merkileg tengslin þjóðanna á milli og vona ég að þau megi eflast.

Og finn ég mig yngjast dag frá degi og,

*Ekki ert þú Carter ?*

Jú, ég er Carter.

*Já velkominn, konan þín kom í sambandið á sínum tíma.*

Já og var það mér mikil hvatning að tala til ykkar.

Er nú þrekið ekki nógu mikið miðað við það sem það verður, er mér sagt.

En ég vildi lýsa ánægju minni og hrifningu og þakklæti til ykkar þjóðar, að leyfa henni að tala til ykkar.

Og það er margt sem ég hef verið að læra og er hér að eflast dag frá degi.

Og vil ég óska þess að friðartími verði framundan og að eftirmaður samflokks manns míns muni geta hrint sínum góðu verkum í framkvæmd.

En verð ég að koma síðar til að segja frá ógnum sem ég hef áhyggjur af.

En finnst mér ég í dag ég vera eins og fertugur maður, er mér sagt að ég verði eins og tvítugur maður eftir nokkra daga.

*Já það er merkilegt.*

Er ég kom, tóku hér á móti mér samlandar mínir sem þekktu til ykkar kenninga.

Biður kona mín fyrir þakklæti og kveðju og verð ég að koma síðar og verið þið sæl og þakka fyrir mig.

*Takk fyrir það, vertu blessaður Carter og þakka þér fyrir komuna og gangi þér vel.*

Takk fyrir.